

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**21. nóvember 2023**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðferð fyrirspurna**

Borgarstjórn samþykkir að svohljóðandi málsgrein bætist við 27. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

„Við það skal miðað að fyrirspurn sé svarað eigi síðar en fjórum vikum eftir að hún er lögð fram og bókuð í fundargerð. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests, skal gera skriflega grein fyrir því, svo og hver ástæðan er og hvenær vænta megi svars.“